



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun sýningarinnar  
Úr Fjörinni til fjarlæggra landa  
sem helguð er Nonna  
16. október 2004**

Ágætu Akureyringar, Eyfirðingar  
Góðir sýningargestir.

Ég þekki það vel af eigin reynslu að ungir strákar fyrir vestan sáu Nonna iðulega í sjálfum sér. Við lásum bækurnar aftur og aftur og Akureyri varð í okkar huga draumabær, Eyjafjörður heimur ævintýra, slóðir sem Nonni gerði ódauðlegar.

Það er mikil list í því fólgin að sitja fullorðinn í klaustrum og kaþólskum kirkjum í fjarlægum löndum og skapa veröld sem okkur strákunum í vestfirskum sjávarplássum fannst vera okkar, gera fjöruna, fjörðinn, bryggjuna, þorpið og mannlífið allt að vettvangi töfra, spennu og gleði sem færðu lífinu gildi – og ekki bara okkur heldur æskufólki í öllum byggðum Íslands og jafnöldrum okkar í tugum annarra landa, um álfuna alla.

Nonni eins og við jafnan nefnum hann, Jón Sveinsson, var uns Halldór Laxness kom á vettvang víðfrægasti rithöfundur íslenskur, meira lesinn en nokkur annar, en gleymdi því aldrei hvaðan hann kom, hvar ræturnar voru, djúpar og sterkar.

Það er táknræn tilviljun, hugljúf og sláandi að þessir tveir frægðarmenn orðsins, annar héðan, æskuslóðirnar á Akureyri þegar bærinn var svo sannarlega fámennari og fátæklegri en nú, hinn sveitastrákur úr Mosfellsdal, skyldu verða nánir vinir og því við hæfi að rifja hér upp það sem Halldór Laxness reit fimm árum eftir lát Nonna.

Hann minnst í greininni frásagna Nonna af því „þegar hann var sér að óvörum kominn til ókunnra landa, úngur eyfirskur sveinn, og vissi örlög sín mundu verða þau að vaxa upp og lifa lífinu til elli og deya meðal erlendra þjóða, þá hafði hann heitið því að leggja aldrei niður

hugsunarhátt íslenska dreingsins Nonna né missa af sjónarmiðum hans, ekki heldur hafna þeim síðum sem hann hafði lært af móður sinni og öðru ágætu fólki í Eyafirði; og þannig leitaðist hann við, viss vitandi, að sjá alla hluti í grundvallaratriðum með augum þessa eyfirska dreings.”

Þessi heimanfylgja sem Halldór orðar svo vel dugði Nonna best og lengst og var kjarninn í lífi hans: trúnaðurinn við eyfirskar grundir, boðskapurinn um breytni sem hann drakk hér í sig. Bjartar minningar um bernsku í Hörgárdal og hér á Akureyri urðu kveikja bóka sem báru hróður hans og Íslands um veröldina, prentaðar á fyrri hluta síðustu aldar í milljónum eintaka.

Nonnabækurnar sem við minnumst með hlýju frá eigin æskulestri leiddu ungviði um allan heim inn í bjarta og kyrrstæða veröld íslenskrar sveitar og ævintýraheiminn hér við Pollinn þar sem lífshættan var aldrei fjarri hraustum strákum. Bækurnar urðu fjölmörgum tilefni til þess að sækja Ísland heim, vitja sagnaslóða og töfraheims í norðri. Vinsældir sjónvarpsþátta sem byggðir voru á Nonnabókunum fyrir nokkrum árum sýndu einnig að þeir eru enn margir sem minnast þessara bóka, og það hef ég einnig reynt á ferðum mínum víða um heim. Þeir eru ófáir sem hafa í samræðum tekið upp þráðinn um Nonna.

Það snart mig djúpt að skynja í Köln fyrir tveimur árum hvernig virðing og aðdáun sveipar minningarnar um Nonna, hve stoltir Kölnarbúar og Íslandsvinir í Þýskalandi eru af því að varðveita gröf Nonna.

En Jón Sveinsson var ekki aðeins rómaður kennimaður og rithöfundur. Hann var einnig eftirsóttur fyrirlesari hvar sem hann kom, allt frá Danmörku austur til Japan, og svo mikil málamaður að hann talaði og ritaði jöfnum höndum á dönsku, þýsku og frönsku. Fyrirlestrararnir skipta þúsundum og í öllum var Ísland þungamiðjan. Þeir voru kryddaðir góðlátlegri sagnagleði og djúpri ást á landi elds og ísa, safaríkum lýsingum á einstæðri náttúru og skemmtilegum frásögum úr daglegu lífi. En aðdráttaraflið var maðurinn sjálfur enda segir Halldór Laxness í fyrrnefndri grein að Nonni hafi verið „einn þessara fáu manna sem eru alveg fullkomlega töfrandi.”

Við Íslendingar þurfum að varðveita minninguna um Nonna, efla lifandi áhuga á bókum hans og einstæðu lífshlaupi, meta að verðleikum hve ríkan þátt hann á í menningu okkar og sögu, sjálfsvitund kynslóðanna, einkum þeirrar sem nú er á góðum aldri, og færa líka Nonna á ný ungu fólki, krökkunum sem nú alast upp í öðrum heimi.

Góðir áfangar á þeirri braut eru sýningin sem opnuð er hér í dag, samvinnuverkefni Amtsbókasafnsins og Nonnahúss, og sú ánægjulega

ákvörðun Kaldbaks að ætla að gefa öllum sjö og átta ára börnum á Akureyri og í nágrenni eintak af bókinni *Nonni og Manni fara á sjó*. Vonandi verður það framtak öðrum hvatning til að feta í slík fótspor.

Það er með mikilli gleði og þakklæti fyrir allt það sem Nonni færði mér ungum að ég lýsi sýninguna *Úr fjörunni til fjarlæggra landa* hér með opna. Þið eigið heiður skilinn fyrir þetta framtak og ég vona að sýningin verði til þess að glæða áhuga allra aldursflokka á lífshlaupi og bókum Nonna.